

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sveitar- (bæjar- eða sýslu-)félaga, er nemi sömu fjárhæð á legudag til allra slíkra sjúkrahúsa. Hæð rekstrarstyrks á legudag skal hverju sinni ákveðin í fjárlögum.

Heimilt er að greiða samsvarandi rekstrarstyrk til viðurkenndra almennra einkasjúkrahúsa, og má hæð slíks rekstrarstyrks á legudag nema allt að helmingi þess rekstrarstyrks, sem sjúkrahúsum sveitar- (bæjar- og sýslu-)félaga er ákveðinn hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953. Samkvæmt lögum þessum skal á þessu ári úthluta rekstrarstyrkjum til sjúkrahúsa fyrir árið 1958.

Greinargerð.

Eftir þá breytingu, sem með lögum nr. 52/1958 var gerð á sjúkrahúsalögum, nr. 93/1953, varðandi rekstrarstyrk sjúkrahúsa, og eftir að heilbrigðisráðuneytið á síðastliðnu sumri viðurkenndi af nokkru handahófi tvö fjórðungssjúkrahús og skipaði þeim þannig algerlega óréttmæta sérstöðu með tilliti til þessara styrkveitinga, er nauðsynlegt að endurskoða að nýju gildandi lagaákvæði um þessar styrkveitingar, ef orðið gæti því til tryggingar, að hlutaðeigandi sjúkrahúsum yrði ekki ósanngjarnlega mismunað.

Ég álit, að úr því að horfið hefur verið frá þeirri reglu að miða styrkhæðina við þá þjónustu, sem sjúkrahúsin hafa aðstöðu til að láta í té, sé eftir atvikum eðlilegast að láta öll sjúkrahús sveitar- (bæjar- og sýslu-)félaga sitja við hlutfallslega sama rekstrarstyrk, sem réttlæta má með því, að enda þótt hin minni og síður búnu sjúkrahús og sjúkraskýli veiti ófullkornari þjónustu en hin stærri og betur búnu, gegna hin fyrri þó engu síður brýnni nauðsyn við hin óhagstæðustu rekstrarskilyrði og að jafnaði við mikinn rekstrarhalla, sem mæðir þungt á hlutaðeigandi fámennum sveitarfélögum.

Meðfylgjandi skrá sýnir síðast greidda rekstrarstyrki til sjúkrahúsa sveitar- (bæjar- og sýslu-)félaga, þ. e. fyrir árið 1957 og samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsalaga, áður en þeim var breytt með lögum nr. 52/1958, því næst, hverjir styrkirir hefðu orðið samkvæmt ákvæðum nýnefndra laga, og loks, hverju þeir hefðu numið samkvæmt þeirri reglu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðað við kr. 15.00 og kr. 20.00 styrk á legudag.

Sjúkrahús	Legudagar	Hefði orðið:					
		Styrkur fyrir 1957		Samkv. l. nr. 52/1958		Samkv. reglu frumvarpsins	
	Á legudag	Alls	Á legudag	Alls	15 kr. á legud.	20 kr. á legud.	
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	
Hvítabandið, Rvík	15365	5.00	76825.00	10.00	153650.00	230475.00	307300.00
Bæjarspítali, Rvík	21223	10.00	212230.00	15.00	318345.00	318345.00	424460.00
Farsóttahús, Rvík	12292	10.00	122920.00	10.00	122920.00	184380.00	245840.00
Akraness	10938	10.00	109380.00	15.00	164070.00	164070.00	218760.00
Patreksfjarðar	5368	5.00	26840.00	10.00	53680.00	80520.00	107360.00
Ísafjarðar	12959	10.00	129590.00	25.00	323975.00	194385.00	259180.00
Hólmavíkur	958	5.00	4790.00	10.00	9580.00	14370.00	19160.00
Hvammstanga	2214	5.00	11070.00	10.00	22140.00	33210.00	44280.00
Blönduóss	7408	5.00	37040.00	10.00	74080.00	111120.00	148160.00
Sauðárkróks	5785	5.00	28925.00	10.00	57850.00	86775.00	115700.00
Síglufjarðar	6585	10.00	65850.00	15.00	98775.00	98775.00	131700.00
Ákureyrar	45898	20.00	917960.00	25.00	1147450.00	688470.00	917960.00
Húsavíkur	4873	5.00	24365.00	10.00	48730.00	73095.00	97460.00
Egilsstöðum	831	5.00	4155.00	10.00	8310.00	12465.00	16620.00
Seyðisfjarðar	8170	5.00	40850.00	10.00	81700.00	122550.00	163400.00
Neskaupstaðar	9019	10.00	90190.00	25.00	225475.00	135285.00	180380.00
Vestmannaeyja	10342	10.00	103420.00	15.00	155130.00	155130.00	206840.00
Keflavíkur	9762	10.00	97620.00	10.00	97620.00	146430.00	195240.00
Sólvangur, Hafnarfirði	41149	10.00	411490.00	15.00	617235.00	617235.00	822980.00
			2515510.00		3780715.00	3467085.00	4622780.00